



# Framkvæmda- fréttir

3. tbl. / 11



Vaðlaheiðargöng - forval auglýst, bls. 2

Eitthvað þessu líkt verður útsýnið þegar komið verður út úr Vaðlaheiðargöngum í Fnjóskadal síðsumars í framtíðinni.

## Vaðlaheiðargöng

### Samanburður við eldri jarðgöng

Pversnið Vaðlaheiðarganga verður 9,5 m breitt en það er 8 m í Bolungarvíkurgöngum og 8,5 í Hvalfjarðargöngum. Akbrautin verður þá 7 m breið, eins og á vegum beggja vegna ganganna. Það verða kantsteinar í göngunum og bundin öxl sem er til að auðvelda rekstur, viðhald og ekki síst þríf ganganna. Í Hvalfjarðargöngum eru rennusteinar en ekki bundin öxl. Þetta snið er samkvæmt 2010 útgáfunni af norska staðlinum. Norðmenn eru stöðugt að breikka sín snið en það gera þeir vegna reynslu sinnar af rekstri og viðhaldi ganga svo að ekki sé minnst á endurbætur á búnaði og klæðingu síðar. Það sýnir sig einnig að breikkun ganganna hefur hlutfallslega lítil áhrif á kostnað.

Veglína ganganna er með mjúkum sveigum. Í norska staðlinum er gert ráð fyrir slíku ef göng eru lengri en 6 km.

Beygjurnar eru það mjúkar að upplifun ökumannsins verður lítið frábrugðin akstri í beinum göngum. Rýmdartilfinning ökumanns verður þó aðeins önnur og meiri. Það verður frekar hægt að skynja fjarlægðir sem er nánast ómögulegt í beinum göngum. Hönnuðir hafa fengið sérstaka ráðgjöf um það hvernig þessar beygjur geti verið.

Langsnið ganganna er að mestu einhalla með 1,5% halla. Hæðarmunur á munnum er nálægt 60 m og ef göngin hefðu hallað frá miðju til beggja munna hefði hallinn upp frá Eyjafirði orðið að vera um 3%. Það hefði verið auðveldara og aðeins ódýrara að grafa göngin þannig en talið er að það valdi hærri slysatíðni auk þess sem aksturskostnaður verður meiri vegna hallans. Miðað við valið langsnið þarf að grafa hluta ganganna niður á við frá Fnjóskadal en gert er ráð fyrir að mun meira verði grafið Eyjafjarðarmegin.

Búnaður ganganna verður svipaður og í nýjustu jarðgöngum hér á landi en þó aðeins meiri. Fyrirkomulag búnaðarins verður annað. Fleiri tækjarými verða í göngunum, þ.e. við báða enda og fjögur inni í göngunum með 1,5 km millibili. Þetta leiðir til þess að engir rafmagnsskápar þurfa að vera úti í göngunum nema neyðarsímaskápar. Búnaður endist betur svona og mun auðveldara verður að stunda viðhald og koma fyrir breytingum síðar.

Vegagerðin mun sjá um útboð og gerð mannvirkja í umboði Vaðlaheiðarganga ehf. ■

GE

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 19. árg. nr. 559 28. mars 2011

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:

**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og  
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.





### Vaðlaheiðargöng 11 - 018

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf, auglýsir eftir þátttakendum í forvali vegna jarðganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, ásamt byggingu tilheyrandi forskála og vega. Um er að ræða 9,5 m breið, 7,2 km löng jarðgöng í bergi, styrkingu ganga, raf- og stjórnbúnað þeirra, um 320 m langa steinsteypa vegskála og um 4,0 km langa vegi.

Heiti verkefnisins er: Vaðlaheiðargöng

Áætlaðar magntölur eru:

Gröftur jarðganga	500.000 m <sup>3</sup>
Sprautusteypa	25.000 m <sup>3</sup>
Steinsteypa	3.000 m <sup>3</sup>
Forskering	100.000 m <sup>3</sup>
Fylling	400.000 m <sup>3</sup>

Forvalsgögn verða send í tölvupósti þeim sem óska eftir að taka þátt í forvali frá og með mánudeginum 28. mars 2011. Óskir um forvalsgögn skal senda á póstfangið mej@vegagerdin.is með upplýsingum um nafn fyrirtækis, nafn tengiliðar ásamt tölvupóstfangi og símanúmeri.

Forvalsgögn eru á ensku og samskipti á forvalstíma mega vera á ensku, dönsku, sænsku eða norsku, auk íslensku. Útboðsgögn verða á íslensku og öll samskipti á útboðs- og samningstíma verða á íslensku.

Skila skal útfylltum forvalsgögnum í lokuðu umslagi merktu á eftirfarandi hátt til Vegagerðarinnar, Borgartúni 7 (móttaka), í síðasta lagi miðvikudaginn 3. maí 2011.

**Vegagerðin  
móttaka**

**Borgartúni 7  
105 Reykjavík**

**Vaðlaheiðargöng  
Forval**

Einungis gögn sem hafa borist Vegagerðinni miðvikudaginn 3. maí 2011, fyrir lok skrifstofutíma (kl. 16:00) eða eru sannanlega póstlögð fyrir þann tíma eru tekin gild.


Forvalið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.  
Reykjavík í mars 2011  
Vegamálastjóri




Loftmynd:  
Loftmyndir ehf.



Vaðlaheiðargöng - munnasvæði í Eyjafirði



Vaðlaheiðargöng - munnasvæði í Fnjóskadal







Fundur Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, SASS, um breikkun Suðurlandsvegur. Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS gerir grein fyrir sjónarmiðum Sunnlendinga.

## Fundur með SASS

Áður birt á vef innanríkisráðuneytisins 19.03.2011

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, SASS, efndu til fundar á Selfossi þann 17. mars sl. um breikkun Suðurlandsvegur með innanríkisráðherra, fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi, Vegagerðarinnar og þingmönnum. Var hann boðaður í framhaldi af fundi í innanríkisráðuneytinu í byrjun árs og umræðuefnið var tilhögun og fjármögnun á breikkun Suðurlandsvegur.

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri SASS, gerði í upphafi fundar grein fyrir sjónarmiðum Sunnlendinga og fór yfir forgangsröðun, umferð og breytingar á henni síðustu árin, slys og óhöpp og kostnað við þau og ræddi síðan andstæð sjónarmið um fjármögnun. Minnti hann á þau orð innanríkisráðherra að áætluð breikkun væri flýtiframkvæmd og yrði ekki unnin þannig nema með því að fjármagna hana með

veggjöldum. Sagði Þorvarður Sunnlendinga leggja gegn veggjöldum og setti fram tvær tillögur.

Tillaga 1 gerir ráð fyrir að dregið yrði úr kostnaði við framkvæmdina, að ekki verði lagður á vegtollur, hringtorg komi í stað mislægra vegamóta, kaflinn milli Selfoss og Kambabrunar verði 2+2 vegur með vegriði sem miðdeili og að framkvæmdatími verði lengdur um tvö ár.

Tillaga 2 gerir ráð fyrir að framkvæmdin verði útfærð eins og fyrirhugað hefur verið og fjármögguð með veggjöldum með eftirfarandi skilyrðum: Einn samræmdur vegtollur verði lagður á alla tvöfalda vegi út frá Reykjavík og stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu með fjórum eða fleiri akreinum, samræmdur jarðgangatollur verði lagður á umferð um öll jarðgöng með tveimur akreinum og að vegtollar falli inni samræmt veggjaldakerfi þegar það verður tekið upp í stað eldsneytisgjalda.

Þá lagði Þorvarður til að framhald málsins yrði að Vega-gerðin yrði fengin til að kostnaðarmeta báða valkostina og að stjórnvöld leggi fram tillögu til umræðu við sveitarstjórnarmann og þingmenn kjördæmisins og að ákvörðun yrði tekin fyrir páska.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra þakkaði fyrir málefnalegt framlag frá Sunnlendingum. Hann minnti á þá ákvörðun Alþingis að tiltekna samgönguframkvæmdir yrðu fjármagnaðar með sérstökum hætti og þannig stæði málið. Horfast yrði í augu við það hvaða fjármagn væri til ráðstöfunar. Hann sagði brýnt að halda áfram þessari umræðu og sagði öryggissjónarmið ofarlega þegar vegafarmkvæmdir væru ákveðnar, einnig sú stefna að byggja upp eins gott samgöngukerfi og unnt væri. Einnig væri horft til þess hvaða landshluti væri lakast settur í þessum efnunum og þar kvaðst hann horfa til Vestfjarða.

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing 11-001

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðvestursvæði 2011.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir, klæðing (K1), útlögn . . . . . 650.000 m<sup>2</sup>  
Hjólfarafylling, (K1), útlögn . . . . . 50.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 28. mars 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. apríl 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Leiðrétting

Í frétt af stofnun Vaðlaheiðarganga hf. í síðasta tölublaði kom fram að grafnir yrðu út 700.000 m<sup>3</sup> úr Vaðlaheiðargöngum. Rétt er að taka fram að þessi tala á við laust berg eftir útgröft en efnismagnið er 500.000 m<sup>3</sup> í föstu bergi eins og fram kemur í auglýsingu forvals í þessu blaði. Í fréttinni var röng tala fyrir lengd vegskála 280 m en þeir munu verða 320 m.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri fór yfir nokkur atriði framkvæmdarinnar að loknu ávarpi ráðherra og síðan lögðu orð í belg þingmenn og sveitarstjórnarmenn: Árni Johnsen, Ólafur Örn Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Oddný Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Innanríkisráðherra tók aftur til máls í lok fundar og sagði gott að fá fram þessa valkosti. Sagði hann þá tillögu heimamanna að kanna veggjaldahugmynd í víðara samhengi áhugaverða en lagði áherslu á að menn byнду sig ekki í ákveðnum farvegi heldur yrði ráðist í þessa framkvæmd á eins hagkvæman hátt til að ná fram sem mestum úrbótum. Ræða yrði málið áfram og fá um það niðurstöðu í sátt við fjárveitingavaldið. ■

## Niðurstöður útboða

### Reykjanesbraut (41),

#### undirgöng við Grænás 10-058

Tilboð opnuð 22. mars 2011. Gerð undirganga norðan hringtorgsins við Grænás í Reykjanesbæ ásamt lagningu aðliggjandi göngu- hjóla- og reiðstíga. Framkvæmdin innifelur einnig að annast færslu / endurnýjun á DN600 kaldavatnslögn við austurenda ganganna í samvinnu við HS-Veitur ásamt nauðsynlegri landmótun.

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Reykjanesbæjar.

Helstu magntölur eru:

Bergskering . . . . .	470 m <sup>3</sup>
Skering í laus jarðlög . . . . .	3.400 m <sup>3</sup>
Fylling og fláafleygar . . . . .	2.200 m <sup>3</sup>
Burðarlag . . . . .	200 m <sup>3</sup>
Malbik . . . . .	2.100 m <sup>2</sup>
Mótafetir . . . . .	80 m <sup>2</sup>
Járnalögn . . . . .	23.500 kg
Steypa . . . . .	270 m <sup>3</sup>
Vatnslögn DN600 . . . . .	42 m
Vatnslögn DN200 . . . . .	38 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 20. september 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	92.500.000	100,0	27.605
9	Rafspenna ehf., Kópavogi	90.297.463	97,6	25.402
8	Vélaleiga A.P., Reykjanesbæ	87.352.300	94,4	22.457
7	Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	78.621.630	85,0	13.727
6	TAP Trésmiðja ehf., Selfossi	76.971.321	83,2	12.076
5	Loftorka ehf., Garðabæ	73.282.000	79,2	8.387
4	Arnarverk ehf., Kópavogi	70.186.600	75,9	5.292
3	Verktakafélagið Glaumur ehf., Garðabæ	68.709.000	74,3	3.814
2	Ellert Skúlason ehf., Reykjanesbæ	65.834.480	71,2	939
1	Skrauta ehf., Hafnarfirði	64.895.000	70,2	0



Hringvegur (1), Suðurlandsvegur, á milli Hveragerðis og Selfoss er sérlega varasamur vegna fjölda hliðarvega og umferðar sem er bæði mikil og hröð.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	2011
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011
11-011 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, malbik	2011
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	2011
11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012	2011
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	2011
11-003 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik 2011	2011
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	2011
11-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing	2011

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
11-015 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti	2011	
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	2011	
11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti	2011	
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	2011	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-001 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing	28.03.11	12.04.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11
11-016 Snæfellsnesvegur (54) um Haffjarðará	21.03.11	05.04.11
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás	07.03.11	22.03.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur (96)	28.06.10	13.07.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út.		



Í þessu blaði er auglýst útboð yfirlagna klæðinga á Norðvestursvæði.